Ályktarorð:

Máli þessu er frestað til fyrsta þingdags í febrúarmánuði 1974.

---

Fimmtudaginn 20. desember 1973.

Nr. 57/7973: **H/f Raftækjaverksmiðjan**
(Knútur Bruun hdl.)
gegn
**Innheimtumanni ríkissjóðs í Hafnarfirði f. h. ríkissjóðs og gagnsök**
(Skúli Pálsson hdl.).

**Dómendur:**
**hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.**

Skattamál. Söluskattur. Lögtak.

## Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 10. apríl 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. s. m. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað verði um framkvæmd hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að lögtak verði aðeins leyft til tryggingar kr. 166.643.00 og að málskostnaður verði þá látinn niður falla. Til þrautavara krefst aðaláfrýjandi þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 13. apríl 1973. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak hjá aðaláfrýjanda til tryggingar söluskatti að fjárhæð kr. 219.995.00, vöxtum til 15. desember 1970, kr. 123.457.00, og

1½% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 219.995.00 frá 16. desember 1970 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann, en fjárhæðum hefur eigi verið andmælt.

Samkvæmt þessu ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, H/f Raftækjaverksmiðjan, greiði gagnáfrýjanda, innheimtumanni ríkissjóðs í Hafnarfirði f. h. ríkissjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður fógetadóms Hafnarfjarðar 18. október 1972.**

Í máli þessu, sem þingfest var hinn 10. nóvember 1971 og tekið til úrskurðar í dag, hefur gerðarbeiðandinn, bæjarfógetinn í Hafnarfirði f. h. ríkissjóðs, krafizt þess, að framkvæmt verði lögtak í svo miklu af eignum gerðarþola, H/f Raftækjaverksmiðjunnar í Hafnarfirði, að nægi til tryggingar söluskattsskuld að fjárhæð kr. 219.995.00 auk dráttarvaxta fram til 15. desember 1970 að fjárhæð kr. 123.457.00 og 1½% dráttarvaxta á mánuði af kr. 219.995.00 frá 16. desember 1970 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur gerðarþola eru þessar:

Aðallega, að neitað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Til vara, að lögtak verði aðeins leyft fyrir kr. 166.643.00 eða annarri lægri fjárhæð, sem miðist við, að fyrningu endurálagningarheimildar hafi verið slitið með úrskurði ríkisskattanefndar hinn 19. maí 1971.

Til þrautavara, að aðeins verði leyft lögtak fyrir kr. 242.885.00.

Krafizt er málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að gerðarþoli, H/f Raftækjaverksmiðjan, seldi þrem öl- og gosdrykkjagerðum ölkæla fyrir samtals kr. 3.450.323.00 á árunum 1965—1969 að báðum meðtöldum. Þessi fyrirtæki voru Ölgerðin Egill Skallagrímsson h/f, sem keypti ölkæla

fyrir kr. 1.982.393.00, Sanitas h/f, sem keypti fyrir kr. 887.630.00, og Vífilfell h/f, sem keypti fyrir kr. 580.300.00. Gerðarþoli innheimti ekki söluskatt af verði umræddra ölkæla, og með bréfi, dags. 11. desember 1970, tilkynnti rannsóknardeild ríkisskattstjóra gerðarþola, að til greina gæti komið að leggja á hann söluskatt vegna umræddrar ölkælasölu.

Með bréfi, dags. 22. desember 1970, mótmælti gerðarþoli slíkri álagningu með svofelldum rökstuðningi:

„Þegar sala á framangreindum ölkælum hófst til ofangreindra fyrirtækja, lá ljóst fyrir, að hér var um að ræða tækjakaup til endursölu og hefir því söluskattur aldrei verið innifalinn í verði voru."

Á fundi ríkisskattanefndar hinn 28. desember 1970 var að tilhlutan ríkisskattstjóra tekin til endurskoðunar álagning söluskatts á gerðarþola, og úrskurðaði ríkisskattanefnd honum sem viðbótarsöluskatt fjárhæð þá, er krafin er í máli þessu.

Í forsendum úrskurðar ríkisskattanefndar segir m. a.:

„Gjaldandi hefur ekki haft heimild til að selja umræddum fyrirtækjum ölkæla þessa án þess að innheimta söluskatt af þeim, vegna þess að fyrirtæki þessi hafa ekki haft söluskattsskírteini, sem leyfði slík kaup án söluskatts. Verður því að líta þannig á, að gjaldandi sé ábyrgur fyrir að skila söluskatti af umræddri sölu.

Samkvæmt upplýsingum frá Sanitas h.f., munu þeir hafa skilað söluskatti af sölu á 26 ölkælum af 78, eða 13 á árinu 1965, 12 á árinu 1966 og 1 á árinu 1969.

Söluverð þessara ölkæla mun láta nærri að vera kr. 297.000.00, og kemur það því til frádráttar framangreindri sölu.

Viðbótarsöluskattur verður því fyrir árið 1965 kr. 53.352.00, fyrir árið 1966 kr. 48.974.00, fyrir árið 1967 kr. 43.059.00, fyrir árið 1968 kr. 37.774.00 og fyrir árið 1969 kr. 36.836.00.

Rétt þykir að reikna til viðbótar 1½% dráttarvexti á mánuði af kr. 53.352.00 frá 15. jan. 1966 til 14. jan. 1967, af kr. 102.326.00 frá 15. jan. 1967 til 14. jan 1968, af kr. 145.385.00 frá 15. jan. 1968 til 14. jan. 1969, af kr. 183.159.00 frá 15. jan. 1969 til 14. jan. 1970 og af kr. 219.995.00 frá 15. jan. 1970 til 15. des. 1970.

Dráttarvextir þannig reiknaðir nema samtals kr. 123.457.00.

Ákvörðun þessi telst hafa stoð í 12. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, sbr. 19. gr. reglugerðar nr. 15/1960."

Með bréfum, dags. 26. og 29. marz 1971, mótmælti gerðarþoli umræddri söluskattsálagningu og krafðist þess með svofelldum rökstuðningi, að hún yrði felld niður:

„Þegar sala á ölkælum þessum hófst, var það skilningur Rafha, að hér væri um endursölu vöru að ræða, enda gáfu verksmiðjurnar í upphafi upp söluskattsnúmer sín, og mun það almenn venja, að ekki séu lögð fram skírteinin sjálf, heldur litið á það sem heimild til vörukaupa án söluskatts, að viðkomandi hafi söluskattsnúmer. Einnig má benda á það, að mjög mikill misbrestur er á því, að skírteinin innihaldi þær heimildir til vörukaupa án söluskatts, sem þau raunverulega eru notuð til.

Sem mjög veigamikil rök máli okkar til stuðnings viljum við benda á söluskattsskil eins af kaupendunum, það er Sanitas h/f, og styður það mjög hið algerlega grandleysi Rafha, að hér væri um endursölu vöru að ræða, enda aldrei komið neitt það fram af kaupanda hálfu, sem benti til annars."

Í úrskurði ríkisskattanefndar vegna framangreindrar kröfu, uppkveðnum 19. maí 1971, segir svo að lokinni tilvitnun í ofangreindan rökstuðning gerðarþola:

„Ekki getur ríkisskattanefnd séð, að framangreind rök umboðsmanns kæranda gefi neina ástæðu til að leggja ekki áðurnefnda söluskattsviðbót á Rafha h.f., þar sem, eins og fram kemur í áðurnefndum úrskurði, að umrædd fyrirtæki höfðu ekki söluskattsskírteini, sem leyfðu slík kaup án söluskatts, og eru söluskattsskilin því á ábyrgð Rafha h.f."

Lagt hefur verið fram í málinu bréf skattstofunnar í Reykjavík til lögmanns gerðarbeiðanda, dag, 29. maí 1972, en í bréfinu segir m. a.:

„Samkvæmt beiðni yðar skal hér rakið í stuttu máli, hvernig söluskattskyldir aðilar fá skírteini hjá skattyfirvöldum til kaupa á vöru, vinnu og þjónustu til endursölu vegna starfsemi sinnar án söluskatts:

Umræddir aðilar útfylla eyðublöð (skírteini), sem fást hjá skattstjórum, en þar er þeim gert að gefa upplýsingar varðandi atvinnurekstur sinn, s. s. tegund atvinnurekstrar og helztu tegundir seldrar vöru, vinnu eða þjónustu.

Skírteinin eru gefin út til ákveðins tíma, en falla úr gildi, jafnskjótt og skírteinishafi hættir þeirri starfsemi, sem skírteinið tekur til.

Fyrst eftir setningu söluskattslaga 1960 voru umrædd skírteini gefin út til 1 árs í senn og endurnýjun þeirra tilkynnt með auglýsingu í árslok. Frá árinu 1964 hefir ekki verið auglýst, þar sem eftirlit með endurnýjun og skilum á skírteinum af hálfu skattyfirvalda reyndist afar miklum erfiðleikum bundið. Var til þess ætlazt, að viðskiptamenn skírteinishafa gengju úr skugga um gildi skírteinis hans, þ. e. til hvaða söluskattsfrjálsra kaupa skírteinið tók, enda er seljandi ábyrgur fyrir óinnheimtum söluskatti af söluskattskyldri sölu sinni.

Að öðru leyti vísast til 11. gr. l. nr. 10 frá 1960 um söluskatt svo og til 5., 6. og 9. gr. reglugerðar nr. 109 frá 1970 um söluskatt."

Lögð hafa verið fram í málinu ljósrit af söluskattsskírteinum ölgerðanna þriggja. Í söluskattsskírteini Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar h/f, sem hefur útgáfunúmerið 96, segir, að tegund atvinnurekstrar fyrirtækisins sé iðnaður og að helztu tegundir seldrar vöru séu öl og gosdrykkir. Skírteinið er útgefið 5. janúar 1962 fyrir árið 1962 og endurnýjað árin 1963 og 1964.

Í söluskattsskírteini Sanitas h/f, sem er nr. 199, segir, að tegund atvinnurekstrar sé gosdrykkja-, sultu- og efnagerð og helztu tegundir seldrar vöru séu gosdrykkja- og efnagerðarvörur. Skírteinið er útgefið 19. marz 1964 fyrir árið 1964 og aldrei endurnýjað.

Í söluskattsskírteini Verksmiðjunnar Vífilfells h/f, sem er nr. 427, segir, að tegund atvinnurekstrar sé iðnaður og helztu tegundir seldrar vöru sé Coca-Cola. Skírteinið er útgefið árið 1962 og endurnýjað fyrir árin 1963 og 1964.

Eins og fram kemur í áður tilvitnuðum úrskurði ríkisskattanefndar, þá skilaði Sanitas h/f söluskatti af 26 ölkælum, sem fyrirtækið seldi á umræddu tímabili, og er söluverð þeirra talið hafa verið kr. 297.000.00. Í bréfi Sanitas h/f til skattstjórans í Reykjavík, dags. 22. desember 1970, kemur fram, að fyrirtækið keypti alls 78 ölkæla af Rafha á umræddu tímabili, seldi 26 með söluskatti, en án álagningar, en lánaði 52 gegn greiðslu tryggingarfjár, sem fyrirtækið telur yfirleitt hafa numið kr. 5.000.00 af hverri kistu.

Í bréfi Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar h/f til lögmanns gerðarbeiðanda, dags. 12. apríl 1972, segir, að fyrirtækið hafi á árunum 1965—1968 (incl.) lánað viðskiptamönnum sínum ölkælanda ekki heimilt að falla frá innheimtu söluskatts, nema óyggjendurgreitt að fullu, ef kælunum var skilað, en árið 1969 hafi öl-

kælarnir verið seldir til viðskiptamanna fyrirtækisins á sama verði og þeir voru keyptir á af Raftækjaverksmiðjunni h/f.

Á söluskýrslu gerðarþola, sem lögð hefur verið fram í málinu, kemur fram, að Ölgerðin Egill Skallagrímsson h/f keypti alls á umræddu tímabili 184 ölkæla, þar af 20 ölkæla á kr. 300.000.00 á árinu 1969.

Í bréfi Verksmiðjunnar Vífilfells til lögmanns gerðarþola, dags. 19. apríl 1972, segir, að ölkælar þeir, sem fyrirtækið keypti af gerðarþola, hafi „verið lánaðir í sumum tilvikum, og seldir í öðrum, án álagningar".

Aðalkröfu sína um, að algerlega verði synjað um framgang hinnar umbeðnu gerðar, rökstyður gerðarþoli, auk þess sem áður er greint, með því, að það hafi legið ljóst fyrir, þegar salan hófst, að kaupendum hafi ekki verið seldir ölkælarnir til eigin notkunar og því um að ræða tækjakaup til endursölu og hafi söluskattur því aldrei verið innifalinn í verði gerðarþola til kaupenda. Kaupendum hafi verið þetta ljóst, þótt þess væri ekki sérstaklega getið á reikningum til fyrirtækjanna, að söluskattur væri ekki innifalinn í verðinu. Kaupendurnir hafi verið aðiljar, sem hafi haft söluskattsskírteini, sem hafi veitt þeim heimild til kaupa á vörum án söluskatts samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 15 frá 1960. Helztu tegundir framleiðslu hjá þeim séu öl, gosdrykkir og efnagerðarvörur. Ölkælar séu tæki, sem tilheyri iðnaði og í svo nánum tengslum við þær vörur, sem kaupendur framleiða og selja, að eðlilegt sé að telja, að sala á þeim sé einn þáttur í starfi slíkra fyrirtækja.

Kaupendur umræddra ölkæla muni allir að nokkru leyti selja vörur beint til neytenda og þá innheimta af þeim söluskatt, þar sem það sé aðalregla, að söluskattur skuli innheimtur á síðasta stigi viðskipta, sbr. 3. gr. laga nr. 10/1960. Þannig er því haldið fram af hálfu gerðarþola, að söluskattsskírteini ölgerðanna hafi heimilað þeim kaup á umræddum ölkælum, án söluskatts, til endursölu.

Af hálfu gerðarbeiðanda er hins vegar lögð áherzla á, að samkvæmt lögum skuli þeir, sem reka söluskattsskylda starfsemi, fá skírteini hjá þar til bærum yfirvöldum og sé réttarstaða þeirra í þessu efni bundin við efni skírteinisins, þ. e. viðskipti aðiljanna verði að vera innan þeirra marka, sem skírteinin setja, og vitnar gerðarbeiðandi í þessu sambandi til niðurlagsákvæðis 11. gr. laga nr. 10/1960 og 2. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 15/1960. Þá sé seljanda ekki heimilt að falla frá innheimtu söluskatts, nema óyggjandi sé, að ekki sé um sölu til neytenda að ræða, sbr. 8. gr. laga

nr. 10/1960 og 1. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 15/1960, og samkvæmt 10. gr. laga nr. 10/1960 beri aðilja, sem ekki innheimtir söluskatt, eigi að síður að standa skil á honum.

Þannig sé það ljóst, að reglur um söluskatt leggi á seljanda þungar skyldur. Seljendum beri að ganga úr skugga um, hvort söluskattsskírteini viðsemjenda þeirra veiti þeim rétt til kaupa á vöru án söluskatts, og samkvæmt 10. gr. laganna skuli vanræksla á innheimtunni eigi koma í veg fyrir, að gerð séu skil á andvirði skattsins.

Allt þetta kerfi sé byggt upp á slíkum boðreglum og skírteini þau, sem út eru gefin, eigi að vera ráðandi um leyfi til kaupa og sölu án söluskatts. Það sé því ljóst, að kaupendur umræddra kælitækja hafi ekki haft heimild til kaupa á þeim án söluskatts, þar sem kaup og sala á slíkum tækjum hafi ekki verið innan yfirlýstrar starfsemi fyrirtækjanna, og hafi því seljanda, gerðarþola í máli þessu, borið að innheimta skattinn og hann sé ábyrgur fyrir skattgjaldinu, þótt hann léti undan fallast að innheimta það.

Það sé á áhættu seljanda, í þessu tilfelli gerðarþola, hvort þeir kynni sér söluskattsskírteini viðsemjenda sinna eða ekki og verði þeir að standa skil á þeim skatti, sem þeir ekki innheimta vegna vanrækslu á því.

Rökstuðningur gerðarþola fyrir varakröfu sinni um, að lögtak verði aðeins leyft fyrir kr. 166.643.00, byggist á því, að gerðarþola sé ekki skylt að greiða söluskatt fyrir árið 1965, þar sem ekki sé heimilt að gera aðilja að greiða söluskatt nema 5 ár aftur í tímann, sbr. síðustu mgr. 21. gr. laga nr. 10/1960. Úrskurður ríkisskattanefndar hafi gengið hinn 19. maí 1971 og við þann dag beri að miða slit fyrningar álagningarfrests. Þess vegna sé með engu móti heimilt að krefja gerðarþola um söluskatt lengra aftur í tímann en fyrir 2. ársfjórðung ársins 1966 og líklega ekki nema til 19. maí 1966.

Til vara bendir gerðarþoli á, verði svo litið á, að 5 ára frestinn beri að miða við bréf rannsóknardeildar ríkisskattstjóra frá 11. desember 1971, þá verði gerðarþoli ekki krafinn um söluskatt lengra aftur í tímann en til 11. desember 1965 og þá í mesta lagi til greiðslu söluskatts af viðskiptum síðasta ársfjórðungs 1965, en sennilega ekki nema af viðskiptum eftir 11. desember 1965. Þar sem gerðarþoli hafi enga ölkæla selt umræddum öl- og gosdrykkjaverksmiðjum á síðasta ársfjórðungi ársins 1965, beri því a. m. k. að lækka söluskattsupphæðina sem nemur söluskatti þess árs, eða um kr. 53.352.00.

Þá er því enn fremur haldið fram, að ekki beri að gera gerðarþola að greiða dráttarvexti af söluskattsfjárhæðinni, þar sem söluskattur hafi aldrei verið lagður á söluna og aldrei innheimtur og fyrirtækið hafi verið í góðri trú um, að kaupendur legðu söluskattinn á við endursölu og gerðu skil á honum. Gerðarþoli hafi þannig aldrei haft söluskattsféð undir höndum. Hann hafi gert grein fyrir því á söluskattsskýrslum sínum, að hann seldi vörur til endurseljenda, sbr. 2. tl. B liðar 3. mgr. 17. gr. reglugerðar nr. 15/1960, og hafi verið reiðubúinn hvenær sem var til þess að gefa skattayfirvöldum yfirlit yfir þær vörur, sem seldar voru án söluskatts, og kaupendur þeirra. Þar sem dráttarvextir séu reiknaðir kr. 123.457.00 og við það bætist söluskattur ársins 1965, kr. 53.352.00, eða alls kr. 176.809.00, beri samkvæmt varakröfunni að draga það frá heildarfjárhæðinni, kr. 343.452.00, og standi þá eftir kr. 166.643.00, eða sú fjárhæð, sem varakrafan er miðuð við.

Þrautavarakrafa gerðarþola er við það miðuð, að ekki sé hægt að gera honum að greiða söluskatt lengra aftur í tímnn en 5 ár, sbr. þu rök, sem áður eru tilfærð, og þá eigi söluskatturinn að lækka um kr. 53.352.00, þ. e. um söluskatt fyrir árið 1965, og auk þess dráttarvexti af þeirri fjárhæð, kr. 57.215.00, eða alls kr. 100.567.00, og lækki þá söluskattsupphæðin með dráttarvöxtum í kr. 242.885.00 samkvæmt þrautavarakröfunni.

Varðandi varakröfu og þrautavarakröfu gerðarþola þá heldur gerðarbeiðandi því fram, að eðlilegast sé í þessu tilfelli að líta á allt árið 1965 sem eitt viðskiptaár, líkt og þegar um er að ræða verzlunarskuldir, og að fyrning byrji ekki fyrr en við áramót. Samkvæmt lögum um söluskatt megi reikna söluskatt, sem einhverra orsaka vegna hafi vanreiknazt, 5 ár aftur í tímann. Ekki sé í lögum nánar kveðið á um þetta atriði, en eðlilegast virðist að líta svo á, að hvert ár sé ein heild, þótt viðskiptin fari fram á fyrri hluta ársins. Þótt skylt sé að skila söluskattsskýrslum á vissu millibili og þannig gera upp viðskipti hvers tímabils, sé árið eigi að síður hinn eðlilegi reikningsgrundvöllur. Þetta lýsi sér m. a. í því, að sé vöru skilað, sé leyfilegt að lækka söluna sem því nemur. Einnig væri skylt að færa söluverð þeirrar vöru, sem seld væri samkvæmt samningi, þannig, að kaupandi tæki á sig áhættu af hækkun, þegar sú hækkun kæmi fram. Álagningartímabilin séu þannig einungis til hagræðis fyrir innheimtu. Þar sem gerðarþola hafi verið kunngerð hækkun skattsins og hann lagður á á fundi ríkisskattanefndar fyrir áramót 1970, þá falli skattur álagður 1965 innan 5 ára frestsins.

Vaxtakrafa sé í samræmi við ákvæði söluskattslaga, en þau heimili töku 1½% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð, sem greiðsla skattsins dregst. Ef talið verði, að einhverjar þær ástæður hafi verið fyrir hendi, sem valdi því, að það verði ekki talið eðlilegt, að gerðarþoli greiði fulla vexti, þá sé það a. m. k. ljóst, að hann hafi haft fjármagn það, sem um er að ræða, undir höndum og því eðlilegt í fyllsta máta, að hann greiði fyrir það peningaleigu, a. m. k. hæstu lögleyfða bankavexti.

Með ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 1. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 15/1960, er lögð sú skylda á seljanda vöru eða þjónustu að innheimta af henni söluskatt, nema óyggjandi sé, að ekki sé um sölu til neytenda að ræða, og með ákvæðum 10. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 15/1960, er seljandi gerður ábyrgur fyrir greiðslu þess söluskatts, sem honum hefði borið að innheimta.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja í máli þessu, þá endurseldu ölgerðirnar þrjár að hluta, en lánuðu eða leigðu að mestu leyti, ölkæla þá, sem um er fjallað í máli þessu. Sala á ölkælum eða hliðstæðum vörum var ekki meðal þeirrar starfsemi, sem ölgerðirnar tilkynntu skattayfirvöldum, að þær hefðu með höndum, en hin svokölluðu söluskattsskírteini eru afrit slíkra tilkynninga, árituð af skattayfirvöldum. Ölkælasala var þannig ekki meðal tilkynntrar starfsemi ölgerðanna, og þær endurseldu aðeins lítinn hluta ölkælanna.

Með því að ganga eigi úr skugga um, hvort ölgerðirnar hefðu óyggjandi heimild yfirvalda til kaupa umræddra ölkæla án söluskatts eða endurseldu þá með söluskatti, þá tók gerðarþoli á sig alla áhættu af vangreiðslu söluskattsins.

Samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 17. gr. reglugerðar nr. 15/1960, fer álagning söluskatts fram ársfjórðungslega. Skattskyldir aðiljar skulu senda skattayfirvöldum söluskattsframtal fyrir hvern ársfjórðung sérstaklega, og skal framtalið hafa borizt í síðasta lagi innan 15 daga frá lokum hvers ársfjórðungs, og skal skattálagningu lokið innan mánaðar frá lokum hvers ársfjórðungs.

Í niðurlagsákvæði 21. gr. laga nr. 10/1960 er heimilað að gera aðilja að greiða söluskatt 5 ár aftur í tímann, sé söluskattur vanreiknaður eða undan dreginn. Þessi ákvæði verður að skýra svo, að í máli þessu beri að synja um framgang lögtaks fyrir söluskatti ársins 1965, en ómótmælt er, að gerðarþoli hafi enga ölkæla selt á síðasta ársfjórðungi þess árs.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins í samræmi við fjárhæð þrautavarakröfu gerðarþola að öðru leyti en því, að vaxtafjárhæð fram til 15. desember 1970 reiknast kr. 73.839.70.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Már Pétursson kvað upp úrskurð þennan.

Ályktarorð:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal ná fram að ganga fyrir söluskatti að fjárhæð kr. 166.643.00 ásamt dráttarvöxtum fram til 15. desember 1970 að fjárhæð kr. 73.839.70 að viðbættum 1½% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 166.643.00 frá 16. desember 1970 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

---

Föstudaginn 21. desember 1973.

Nr. 129/1972: **Kristinn Tómasson**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
**Borgarstjóranum í Reykjavík**
**f. h. Reykjavíkurborgar**
(Páll Líndal hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjönsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Þinglýsing. Lóðaskrárritari. Sératkvæði.

## Dómur Hæstaréttar.

I.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 11. október 1972. Krefst hann aðallega dóms fyrir því, að afsal Bjarna Kristjánssonar til áfrýjanda, dags. 2. október 1968, um landspildu